

PÚLSINN - BRÁÐA- OG VIÐBRAGÐSTEYMI VEGNA OFBELDIS MEÐAL BARNNA

Atvik kemur upp meðal barna á aldrinum 10-18 ára með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu, þar sem ofbeldi er hótað eða því beitt af ásetningi

Þjónustuveitendur:
Grunnskólar
Framhaldsskólar
Félagsmiðstöðvar
Félagsþjónustan
Barnavernd
Lögreglan
Heilsugæslan ofl

Þjónustuveitendur hafa samband við teymisstjóra með símtali/tölvupósti. Ráðgjöf/speglun án persónugreinanlegra upplýsinga um mögulega aðkomu teymis

Þjónustuveitendur kanna afstöðu forsjáraðila

Tilvísun í teymið kemur ekki í stað tilkynningar til barnaverndar eða lögreglu

Ef forsjáraðilar afþakka aðkomu teymisins er málið sett í annan farveg

Þjónustuveitendur fylla út beiðni í teymið, fá undirritun forsjáraðila og senda í gegnum Signet transfer

Bráða- og viðbragðsteymið tryggir að tekið sé tillit til afstöðu barnsins í allri vinnu teymisins

Bráða- og viðbragðsteymið hefur samband við forsjáraðila, barn og tilvísanda vegna beiðnar og tengist ábyrgðaraðila í lögheimilis sveitarfélagi barns. Teymið kynnir samþætta þjónustu

Þjónusta bráða- og viðbragðsteymisins er margþætt og eru næstu skref metin í samráði við ábyrgðaraðila í lögheimilis sveitarfélagi barns samkvæmt stigskiptri þjónustu. Ábyrgðaraðili er ýmist:

Tengiliður farsældar í skóla eða félagsþjónustu eða málstjóri/ráðgjafi hjá félagsþjónustu/barnavernd

Tengiliður farsældar er ábyrgðaraðili máls. Bráða- og viðbragðsteymið tryggir viðeigandi viðbragð og metur þörf fyrir frekari þjónustu

Málstjóri/ráðgjafi í félagsþjónustu/barnavernd er ábyrgðaraðili máls. Bráða- og viðbragðsteymið tryggir viðeigandi viðbragð, tekur þátt í stuðningsteymi og mögulega stuðningsáætlun á meðan bráða- og viðbragðsteymið hefur aðkomu að máli barnsins

Að lokinni vinnslu bráða- og viðbragðsteymisins fylgir lögheimilis sveitarfélag barns málinu eftir samkvæmt verklagi lögheimilis sveitarfélags/samþættingu þjónustu

Ef ofbeldisatvik endurtekur sig getur þjónustuveitandi haft aftur samband við teymið varðandi mögulega aðkomu